

5691100

Ritstjórn: ritstjorn@mbl.is
Auglýsingar: augl@mbl.is
Áskrift: askrift@mbl.is | sími 5691100
mbl.is: netfrett@mbl.is



Morgunblaðið

ÞRIÐJUDAGUR 3. OKTÓBER 276. DAGUR ÁRSINS 2017

>>MEST LESIÐ Á mbl.is

1. Árásarmaðurinn er afi á ...
2. Sérsvaitarmenn ruddust inn ...
3. Meðallaun á Íslandi 667 þúsund
4. Ofgreiddi skatta vegna Wintris

Sjálfsrækt og betri meðbróðir

● Drúidum er að fjölga og nýtt félagshemili opnað

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Reglustarfið hefur gefið mér heilmikið. Markmið þess er að verða betri maður, til dæmis með því að kynnast nýju fólki og öðlast þannig skilning á menningu sem er ólík okkar,“ segir Atli Ingvarsson, heidursforseti Drúidareglunnar á Íslandi. Í síðustu viku opnuðu drúídar á Íslandi nýtt félagshemili sitt í Parabakka í Reykjavík. Þar eru rúmgóð salarkynni eins og þurfti en alls 150 bræður eiga aðild að stúkunni og taka þátt í starfi hennar. Þá er Birgittustúkan Eyrarrós, sem byggist á sama grunni og drúídar, með aðsetur á sama stað.

Launhelgar og góðar dyggðir

Fyrsta drúidaregla heimsins var stofnuð í Lundúnum árið 1781. Á þeim tíma einkenndist breskt þjóðlíf af ólgu og átökum um hugmyndir og stefnu. Nokkrir félagar stofnuðu því reglu sem skyldi vera griðastaður frá átökum samtímans – og stefnan bróðurkærleikur, hjálpssemi og dyggðir. Fyrirmynd þessa alls var sött til keltneskra manna sem sagðir voru hafa þekkingu og vita sitthvað um launhelgar mannlífsins og góðar dyggðir.

Fyrsta drúidastúkan í Noregi, *Nordstjernen* í Ósló, var stofnuð 1935. Frá Noregi kom reglan til Íslands árið 1996 þegar stúkan Janus var stofnuð. Sú og þrjár til viðbótar eiga svo aðild að Ísafold, íslensku stórstúkunni, en tengsl og samskipti eru á milli hennar og ríkisreglunnar norsku.

„Reglan og starfið innan hennar er miklu meira en hefðbundið félagslíf. Efst á blaði er auðvitað að starfa samkvæmt hugsjónum og markmiðum, leggja rækt við sjálfan sig til að verða betri meðbróðir og tileinka sér þekkingu sem hefur



Morgunblaðið/Eggert

Bræður Fremstir eru frá vinstri Jóhann Bogason, Atli Ingvarsson og Grétar Árnason, stórforseti drúída á Íslandi.

gildi til lengri tíma,“ segir Atli sem gekk til liðs við drúída fyrir fimm-tán árum. Síðan þá hefur hann unnið sig upp í starfinu og er nú á 7. þrepi hennar, sem stundum er kallað riddaragráða.

Nefna ekki pólitík og trúmál

Fundir drúída eru lokaðir og allt sem þar er gert og sagt er trúnaðarmál samkvæmt þeirri þagnarskyldu sem reglubræður undirgangast. Þá gilda formfastar reglur um starfið og framgöngu bræðra á fundum sem eru haldnir á tveggja vikna fresti og skiptast í þrennt. Þeir hefjast með formlegum fundi í sal snemma kvölds, en eftir það er sameiginleg máltíð. Eftir matinn er svo frjálstur eftirfundur þar sem stundum eru haldin erindi um áhugaverð mál-efni.

EKKI LEYNIFÉLAG

Allir jafnir

Í stúkum drúída eru menn úr ýmsum þjóðfélagshópum og á öllum aldri. Á vef reglunnar segir að bræður bindist sterkum böndum og styðji hver annan. Vinátta, friður, öryggi, hjálpssemi, réttlæti og bróðurkærleikur séu lýsandi fyrir það andrúmsloft sem einkennir starf drúída. Þeir eru ekki leynifélag en sumt í starfinu er þó leynilegt. Félagsskapurinn er góður og í reglunni eru allir jafnir.

„Smátt og smátt fjölga í reglunni. Gangurinn á því er yfirleitt sá að við bjóðum mönnum að kynnast starfsemi og hafi þeir áhuga á inngöngu skila þeir meðmælum tveggja bræðra og komast þá yfirleitt í hópinn. Þess eru líka dæmi að menn óski að vera með og þá skoðum við slíkt með opnum huga. Og það ber margt á góma á stúkufundum. Þó er skilyrði að ræða aldrei pólitík eða trúmál. Það efni sundrar fólki en sameinar ekki – en sameining og friðarboðskapur er einmitt inntak og markmið starfs drúída og í reglustarfi almennt,“ segir Atli Ingvarsson.

FÓLK Í FRÉTTUM



Tími til kominn á Björtuloftum

■ Kvartett saxófóleikarans Ólafs Jónssonar heldur tónleika annað kvöld kl. 21 á Björtuloftum í Hörpu á vegum Jazzklúbbsins Múlans. Ólafur sendi nýverið frá sér sína fyrstu sóló-plötu sem nefnist Tími til kominn, verk sem hann hefur samið á undanförunum 20 árum þar sem blandað er saman ólíkum tónlistarstefnum. Kvartett Ólafs skipa, auk hans, Agnar Már Magnússon, Þorgrímur Jónsson og Scott McLemore.

Fiðlustjarna leikur í Norðurljósasalnum

■ Einn þekktasti fiðluleikari Norður-Ameríku, Leila Josefowicz, kemur í kvöld kl. 19.30 fram á kamertonleikum í Norðurljósasal Hörpu ásamt pí-anóleikaranum John Novacek. Á efnisskránni eru m.a. verk eftir Sibelius, Prokofiev og John Adams. Josefowicz lék nánast sömu efnisskrá á tónleikum í London í fyrrakvöld og gaf rýnir Bach-track.com tónleikumum 5 stjörnur.



Seiðandi tónlist frá Spáni og Brasilíu

■ Hið íslenska gítartrío leikur suðræna og seiðandi tónlist frá Spáni og Brasilíu í kvöld kl. 20 í sal Tónlistarskóla Gardabæjar. Tríoíð skipa Svanur Vilbergsson, Þórarinn Sigurbjörnsson og Þróstur Þorbjörnsson en það var stofnað fyrir sex árum.



ÍÞRÓTTIR



Fann aldrei fyrir kynslóðabili

„Ég fann aldrei fyrir kynslóðabili. Við náðum ótrúlega vel saman, sama á hvaða aldri við erum. Aldurinn virðist ekki skipta neinu máli. Þessu til viðbótar þá féllu mexíkósku stelpurnar vel inn í hópinn. Þær eru æðislegar,“ segir Hulda Björg Hannesdóttir, sautján ára Íslandsmeistari í knattspyrnu með Þór/KA. » 4

Andri efstur í M-gjöf Morgunblaðsins

Andri Rúnar Bjarnason er besti leikmaður Pepsi-deildar karla í knattspyrnu samkvæmt einkunnagjöf Morgunblaðsins. Hann fékk 21 M í 22 leikjum Grindvíkinga í deildinni í ár, einu meira en Stjórnumaðurinn Hilmar Árni Halldórsson sem endaði í öðru sæti. Í íþróttblaðinu í dag er ítarlegt uppgjör á Pepsi-deild karla, niðurstaðan í M-gjöfinni, úrvalslíð deildarinnar, bestu erlendu leikmennirnir o.fl. » 1-3



Rúnar Páll með tvo stóra áfanga

Rúnar Páll Sigmundsson náði tveimur stórum áföngum í lokumferð Pepsi-deildar karla í knattspyrnu á laugardaginn, þegar Stjarnan lagði KR að velli, 1:0, í Vesturbænum.

Þetta var 100. leikur Rúnars sem þjálfara í efstu deild karla og þá var þetta 50. sigurleikur Rúnars í deildinni og hann hefur því náð að vinna annan hvern leik. » 1

VEÐUR



SPÁ KL. 12.00 Í DAG Norðaustan 5-13 eftir hádegi og víða rigning norðanlands og rigning um tíma syðst síðdegis, annars þurrt.

Á miðvikudag Norðvestan 10-18 m/s, en 5-10 vestanlands. Talsverð rigning á Norður- og Norðausturlandi með slyddu til fjalla. Á fimmtudag Vestlæg átt, 3-8 m/s. Léttskýjað að mestu um landið austanvert, annars skýjað en þurrt. Hiti 4 til 10 stig að deginum.



Skannaðu kóðann með símanum þínum og fylgstu með veðrinu á mbl.is